

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
3. fundur 2023 (116. fundur)
BIE/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 26.04.2023 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og á Microsost Teams fyrir þá sem vildu.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Steinþór Einarsson	"
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi

Eiríkur Bjarnason boðaði forföll, Gísli Pálsson og Jón B. Guðnason voru fjarverandi.

1. Stækkun Keflavíkurflugvallar. Umsögn um umhverfismatsskýrslu Isavia

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar um Umhverfismatsskýrslu Isavia fyrir 2.maí. Málið var kynnt á fundi nefndarinnar 27. mars og liggur fyrir umsögn skipulagsnefndar sem verður send á Skipulagsstofnun.

Helstu athugasemdir og ábendingar nefndarinnar eru varðandi hávaðakort í skýrslu, hæðir bygginga, tölur um farþegafjölda og NA/SV flugbraut sem hefur áhrif á uppbyggingu fraktbygginga á demantasvæðinu.

2. Stöðuleyfi fyrir farþegaakstur, endurnýjað leyfi

Lagður er fram tölvupóstur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Suðurnesjabæjar þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar varðandi umsókn Isavia um endurnýjað stöðuleyfi vegna aðstöðu fyrir starfsmenn farþegaaksturs á svæði við flughlað nálægð Fjarstæðum austur. Aðstaðan var tekin niður árið 2020 en var í starfsemi árið 2018 og 2019. Þarna eru til staðar tengingar fyrir vatn, rafmagn og rotþró sem stefnt er á að tengjast. Um yrði að ræða þrjá gáma við flughlaðið á sama stað og aðstaðan var fyrir.

Skipulagsnefndin samþykkir stöðuleyfið til eins árs.

3. Fjarskiptastöð Keflavíkurflugvallar, COM site, ný staðsetning

Isavia er að fara í það verkefni að endurnýja fjarskiptabúnað (COM site) vegna aldurs og tæknilegra takmakana. Núverandi aðstaða fyrir búnaðinn, ástand húsnæðis og Þróunaráætlun Isavia kallar á að staðsetning húsnæðis og mastra sé endurskoðuð. Samkvæmt langtímaskipulagi stendur til að byggja akbraut og afísingarsvæði nálægt núverandi staðsetningu COM site. Lögð er fram tillaga að nýrri staðsetningu COM site.

Ekki er til deiliskipulag fyrir flugbrautarkerfið á Keflavíkurflugvelli. Ný staðsetning samræmist aðalskipulagi þar sem kemur fram í kafla um flugbrautarkerfið að ekki þarf að breyta aðalskipulagi vegna byggingar þjónustuhúss. Skipulagsnefnd heimilar nýja staðsetningu á húsnæði og búnaði, með vísan til 5.9. gr í skipulagsreglugerð og gr. 5.9.3 í skipulagsreglugerð, um að falla frá grenndarkynningu þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda. Stofna þarf nýja lóð og sækja um byggingarleyfi til Suðurnesjabæjar og bent er á að niðurrif bygginga er byggingarleyfisskyt og þarf starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.

4. Ný settjörn, SFA-16 – framkvæmdaleyfisumsókn

Framkvæmdadeild Isavia sækir um framkvæmdaleyfi til skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar vegna framlengingar á regnvatnslögn og nýrrar settjarnar staðsett vestan megin við tilvonandi þriðju flugbraut. Ákveðið hefur að gera nýja settjörn á umræddum stað, töluvert vestan við núverandi flugbrautarkerfi til að koma í veg fyrir möguleg samlegðaráhrif af henni til lengri tíma varðandi framtíðar flugbrautarkerfi skv. Þróunaráætlun Isavia. Fyrirhuguð settjörn er ekki á neinu deiliskipulagi. Tjörnin er hönnuð í samræmi við kröfur sem koma fram í gildandi starfsleyfi. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum verði lokið um miðjan nóvember 2023.

Í samræmi við bókun skipulagsnefndar á fundi sínum 27. mars sl. þá samþykkti nefndin málsmeðferð skv. 44.gr. skipulagslaga og leggur til að framkvæmdaleyfisumsóknin verði grenndarkynnt fyrir Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og Minjastofnun Íslands. Skipulagsfulltrúa er falið að fylgja því eftir og senda gögn og upplýsingabréf er varðar grenndarkynninguna á viðkomandi aðila.

5. Stækkun á bílastæði, P3 – framkvæmdaleyfisumsókn

Framkvæmdadeild Isavia sækir um framkvæmdaleyfi vegna stækkunar á bílastæði P3 og fellst það í vinnu við nýjan 8.300 fm malarpúða, ásamt vinnuvegi, norðan við núverandi regnbogastæði skv. yfirlitsmynd með umsókn. Ástæða eru fyrirhugaðar framkvæmdir við Austurvæng og stækkun Flugstöðvarinnar sem hefur umtalsverð áhrif á bílastæðakerfi Isavia og kallar á breytingar og færslu t.a.m. á rútustæðum, bílaleigustæðum, gjaldtökustæðum og starfsmannastæðum. Framkvæmdin er fyrsti liður í komandi breytingum á svæðinu sem þarf að fara í og eru í samræmi við Landside Masterplan Isavia.

Skipulagsnefndin samþykkir framkvæmdaleyfið og er skipulagsfulltrúa veitt heimild nefndarinnar til að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við það sem kemur fram í gögnum málsins.

6. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 22. maí 2023 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>